

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Bæjarráð

Varðandi: Alþingi

Alþingi
Erindi nr. P 140/1162
komudagur 28.2.2012

1202018

Dags.: 20. febrúar 2012

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál.

Afrit: x

Bæjarráð Grindavíkur gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Farið er fram á að eftirfarandi liðum verið bætt á samgönguáætlun 2011-2014

1. Grindavíkurvegur
 - a. Hjólreiða- og göngustígur frá Grindavík að Reykjanesbraut og frá Grindavík og meðfram Suðurstrandavegi austur að Hrauni.
 - b. Að gerðar verði breytingar á um 3-4km kafla á Grindavíkurvegi til að auka öryggi vatnsbólsins við Lága
2. Heimilt verið að styðja fjárhagslega við stór viðhaldsverkefni helstu útgerðarhafna.
3. Framkvæmdir vegna umferðaröryggismála í tengslum við miðbæjarskipulag Grindavíkur.
4. Sjóvarnir við
 - a. golfvöllinn í Staðarhverfi
 - b. við Gerðistanga og Stað til verndar kirkjugarði við Staðarbót,
 - c. Hópsnesið að vestan og við Ísólfskála.
5. Suðurstrandarvegur. Lokaáfangi.

Nánari lýsing

1. Grindavíkurvegur

Hjólreiða- og göngustígar.

Grindavík er einn stærsti ferðamannabær landsins. Um 500 þúsund gestir heimsækja Bláa Lónið árlega auk á annað hundrað þúsunda gesta sem heimsækja Gunnuhver og fara um Suðurströndina. Mjög vaxandi umferð hjólandi og gangandi er um Grindavíkurveg, en aðstæður fyrir þá vegfarendur eru mjög slæmar. Vegöxl nánast engin og mjög sprungin þannig að hjólreiðamenn og gangandi eru í mikill hættu. Í aðalskipulagi Grindavíkurbæjar er gert ráð fyrir stíg meðfram Grindavíkurvegi og fer bæjarráð fram á að Grindavíkurvegur verði skilgreindur sem fjölfarinn þjóðvegur og Vegagerð veitt heimild til að taka þátt í kostnaði við stíginn.

Breytingar til að draga úr hættu á mengunarslysi við vatnsból

Bæjarráð leggur til að á Grindavíkurvegi verði farið í hönnun framkvæmdir sem miði að því að draga úr hættu á mengunarslysi á um 3- 4 km kafla á grannsvæði vatnsbóla Suðurnesjamanna og flugstöðvarinnar við Lága. Tvö óhöpp olíubíla á undanförunum vikum hefur opnað augu heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar enn frekar fyrir hættunni af mengun vatnsbólsins ef óhapp verður á þessum kafla. Að mati sérfræðinga gæti 500 lítra olíuslys leitt til þess að loka þyrfti vatnsbólínu og þar með setja öll heimili og fyrirtæki á svæðinu í uppnám. Að líkindum myndi slys á þessum stað kalla á að flugstöðinni yrði lokað. Bæjarráð leggur til að Vegagerðinni verði nú þegar falið að meta áhættu og hanna breytingar sem auki öryggi á þessum kafla.

2. Stórar viðhaldsframkvæmdir við helstu útvegshafnir.

Grindavíkurbörn er sem kunnugt er ein stærsta verstöð landsins. Útflutningsverðmæti héðan er með því mesta á landinu, en aðeins höfuðborgarsvæðið skapar meiri

útflutningsverðmæti sjávarafurða en Suðurnes. Veiðigjald sem útgerðirnar í Grindavík greiða til ríkisins hlaupa á hundruðum milljóna.

Stálþil við Miðgarð, eins elsta og mikilvægasta viðlegukantsins í höfninni, er nú að nálgast fertugt og farið að tærast mikið. Jarðefni hrynja nú undan kantinum og hætt við að Miðgarður verði ónothæfur verði ekkert að gert. Kostnaður við endurgerð þilsins er gróflega áætlaður á bilinu 500-700 milljónir kr. Ljóst er að Grindavíkurhöfn mun ekki standa undir þeim framkvæmdum ein og sér. Bæjarráð fer því fram á að hafnalögum verði breytt og heimilt verði að styðja fjárhagslega við stór viðhaldsverkefni helstu útvegshafna. Slík heimild gæti verið fjármögnuð með veiðigjaldinu.

3. Framkvæmdir vegna umferðaröryggismála

Verkefnið er í vinnslu í samstarfi við Vegagerðina, en mikilvægt er að verkefnið komist á samgönguáætlun sem fyrst.

4. Sjóvarnir

Ábendingum hefur verið komið á framfæri við Siglingastofnun.

5. Suðurstrandarvegur. Lokaáfangi

Um leið og bæjarráð fagnar því að framkvæmdum við Suðurstrandarveg milli Grindavíkur og Þorlákshafnar er lokið, minnum við á að lokaáfanginn er eftir. Sá áfangi er tenging vegarins frá Hrauni að gatnamótum Nesvegar og Grindavíkurvegar. Sú tenging er á nýju aðalskipulagi Grindavíkurbæjar.

Að lokum vill bæjarráð fagna því að breikkun innri rennu Grindavíkurhafnar er á samgönguáætlun og að til standi að bjóða verkið út á þessu ári. Breikkunin mun bæði auka öryggi við höfnina og fjölga tækifærum til sóknar frá Grindavíkurhöfn.

Virðingarfyllst.,
Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri